



OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE IN 18 CT WHITE GOLD

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



MARGIR SÝNA Í BRUSSEL

Sjávarútvegssýningunni í Brussel lýkur í dag en alls taka 36 íslensk fyrirtæki þátt í viðburðinum í ár. ➤ 6

EIGUM AÐ NÝTA VISTVÆNA ORKU

Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, segir að við eigum að gera Ísland að sjálfbærasta þjóðfélagi heims hvað varðar samgöngumál. ➤ 4



VIÐSKIPTA Mogginn

FIMMTUDAGUR 28. APRÍL 2016



Tölvustýrður gítar sem hver sem er getur lært auðveldlega á. ➤ 4

Unnið í samvinnu við
FINANCIAL TIMES




Bandaríkin líta til Kyrrahafsins

Bretar geta vænst þess að verða vísað „aftast í röðina“ í viðskiptasamningum við Bandaríkin, gangi þeir úr ESB. ➤ 10

Lex: Hver mun eiga rafheilana?

Hröð þróun í gervigreind og gagnasöfnun mun skipta kapitalistum í tvo hópa: þá sem ekki vita og þá sem vita allt. ➤ 11



Baráttan um fimmta sætið

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Stærstu lífeyrissjóðir landsins ganga klofnir til stjórnarkjörs í HB Granda og er það talið tryggja Vogun og tengdum aðilum fjögur stjórnarsæti af fimm.

Á framhaldsaðalfundi í HB Granda, sem haldinn verður síðar í dag, er talið nær öruggt að Lífeyrissjóði verslunarmanna (LV) takist að fella einn núverandi stjórnarmanna og tryggja Önnu G. Sverrisdóttur, sem sæti á í varastjórn sjóðsins, sæti í stjórn HB Granda næsta árið. LV á ríflega 12% í fyrirtækinu en þá mun Anna einnig njóta stuðnings fleiri lífeyrissjóða, þannig að baki henni standi hluthafar með um 17% hlutfjár.

Í kjölfar þess að LV krafðist margfeldiskosningar við stjórnarkjörið var ljóst að kjölfestufjórfeftar sem eiga ríflega 42% hlut í fyrirtækinu þurfa að dreifa atkvæðum sínum á núverandi



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Styr hefur staðið um stjórn HB Granda frá aðalfundi fyrirtækisins í fyrra.

stjórnarmenn. Sami hópur tryggði sér öll fimm stjórnarsætin í fyrra þegar LV og lífeyrissjóðurinn Gildi buðu fram sitthvorn fulltrúann til stjórnar. Ljóst er að kjölfestufjórfeftarnir geta ekki dreift atkvæðum sínum á alla fimm fulltrúana sem sæti eiga í stjórninni. Áreiðanlegar heimildir ViðskiptaMoggans herma að hópurinn, undir forystu Kristjáns Loftssonar, muni kjósa hann ásamt Halldóri Teitssyni og Hönnu Ásgeirsdóttur. Því muni LV annaðhvort ná að fella Þórð

Sverrisson eða Rannveigu Rist úr stjórninni.

Ekki hefur fengist staðfest með hvaða hætti Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), sem á 9% hlut í fyrirtækinu, muni haga atkvæðum sínum en ViðskiptaMogginn hefur þó fengið staðfest að sjóðurinn muni dreifa atkvæðum sínum á fleiri en einn frambjóðanda. Fyrir fram var talið líklegt að sjóðurinn styddi einungis Albert Þór Jónsson, sem býður sig fram til stjórnar í fyrsta sinn, en hann

var forstöðumaður eignastýringar LSR á árunum 2001-2005. Sú staðreynd að LSR hyggst dreifa atkvæðum sínum er talin veikja framboð hans töluvert.

Lífeyrissjóðurinn Gildi, sem í fyrra bauð fram fulltrúa til stjórnar, gerði það ekki að þessu sinni og eru allar líkur taldar standa til að sjóðurinn muni að þessu sinni styðja Rannveigu Rist í kjörinu. Hún á sæti í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Samtökin tilnefna fjóra af átta stjórnarmönnum Gildis og er varaformaður sjóðsins Þorsteinn Viglundsson, framkvæmdastjóri SA. Gildi á ríflega 6,5% í HB Granda. Er stuðningur Gildis, ásamt fulltingi annarra hluthafa, talinn geta tryggt setu hennar áfram.

Hún var á sínum tíma tilnefnd í stjórnina af Arion banka líkt og Þórður Sverrisson. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig Arion banki, sem enn á 5,3% í fyrirtækinu, hyggst haga atkvæðum sínum. Talið er að það geti oltið á afstöðu bankans hvort Rannveig eða Þórður nái kjöri.

Fá inni í 880 verslunum Publix

Nýr dreifingarsamningur við eina stærstu verslanakeðju Bandaríkjanna á þátt í vexti Icelandic Group.

Árni Geir Pálsson, forstjóri Icelandic Group, segir nýjan samning um dreifingu í 880 verslanir Publix-

keðjunnar mikilvægan áfanga. Sá samningur og ný markaðsherferð á Saucy Fish Co. vörumerkinu í Bandaríkjunum sé liður í að auka sölu-una vestanhafs.

„Við erum að styrkja stöðu okkar á Bandaríkjamarkaði á nokkrum stöðum. Við erum að gera það með því að fara með vörumerkið The Saucy Fish

Co. frá Bretlandi til Bandaríkjanna, með því að selja ferskan fisk úr okkar eigin vinnslu í Ný-Fiski til Bandaríkjanna og með því að rækta sambandið við High Liner Foods og tryggja að þeir muni halda áfram að styrkja og styðja við vörumerkið okkar, Icelandic Seafood, í Bandaríkjunum,“ segir Árni Geir. ➤ 8



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Árni Geir Pálsson, forstjóri Icelandic Group, segir veltuna að aukast.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.